

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Velferð dýra

(bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 152. löggjafarþing 2021–2022.

Frumvarpið er endurflutt, sjá 543. mál á 151. þingi - velferð dýra.

Ritað af Gísla Gíslasyni, tamningamann og Mette Mannseth, yfirreiðkennari við Háskólann á Hólum, Tamningameistari Félags Tamningamanna. Bæði erum við hrossaræktendur. Saman rekum við hrossaræktarbú á Þúfum í Skagafirði sem var meðal annars Hrossaræktarbú ársins 2020 og keppnishestabú ársins 2021.

Þúfum

566 Hofsós

Þúfum 16.1.2021

Undirrituð mæla eindregið með samþykki þessa frumvarps í heild sinni.

Velferð hrossa.

Samkvæmt almennu orðspori um slæmar aðferðir við blóðtöku, og mikillar leyndar í kringum blóðtökuna ásamt nýlega birtu myndbandi af blóðtöku er ljóst að velferð hrossana er ekki höfð í fyrirúm. Þar eru vanhæfir einstaklingar að umgangast illa taminn hross eða ekki nægilega mikið tamin í þetta verkefni. Vegna þess hvað fæst lítið fyrir vöruna (blóðið) og dýralæknirinn er dýr borgar sig ekki að gera þetta betur og verður það alltaf vandamálið. Líf, heilsa og líðan hrossins verður svo lítils virði að það borgar sig ekki að vanda sig.

Íslenski hesturinn

Undirrituð kom sjálf til Íslands vegna Íslenska hestsins og hefur búið hér í rúm tuttugu ár. Ímyndin um hinn frjálsa hest, uppallinn í náttúrunni og taminn af nærgætni af hrossabóndanum var sterkur þáttur í þeirri ákvörðun að koma til Íslands og kynnast þessu. Og reyndin var stórkostleg, að kynnast fólkinu sem skildi eðli hestsins og gat tjáð sig við ótaminn hest. Gat tamið hann án þess að kúga hann. Það er íslensk hestamennska fyrir mér.

Í dag er íslenski hesturinn lúxus reiðhestur og keppnishestur. Íslenskri hrossarækt hefur farið mikið fram síðustu ár og er íslenski hesturinn sífellt að verða vinsælli. Hann er elskaður og dáður um nánast allan heim. Áhugasamir hrossaræktendur eru í Ástralíu, Evrópu, og Norður-Ameríku. Sammerkt með Íslandshestaáhugafólkinu er að það elskar Ísland líka, og það kemur hingað í pílgrímsferðir. Til að ferðast á hestum, horfa á hestamót, fara í hrossaréttir, eða bara sjá landið. Þau vilja sjá hvernig hesturinn þeirra var uppallinn, í mikilli víðáttu undir náttúrulegum kringumstæðum. Fólkið kemur aftur og aftur.

Þau vilja líka læra, fara á námskeið, og eru Íslendingar iðnir við að fara til útlanda að kenna íslenska reiðhefð. Þau koma hingað í Háskólanám á Hólum til að læra um hestinn og íslenska hestamennsku og komast færri að en vilja. Þessir Íslandsunnendur eru svo sendiherrar Íslands þegar þeir fara heim og breiða út fagnaðarerið.

Svo það að reka hryssu inn í tökubás, að binda upp á henni hausinn á meðan hún hefur miklar áhyggjur af folaldinu sínu. Sem hefur líka áhyggjur af að hafa misst

mömmu sína, sem er lífshættulegt fyrir folald, þannig að það telur sig vera í lífshættu. Taka svo úr henni blóð sem gerir hana kraftlausu, það samræmist ekki ímyndinni af íslenskri hestamennsku.

Þegar raunin er sú að þetta stefni í að verða stærri hluti hrossabúskapar á Íslandi og reiðhestaræktun minnihluti. Þegar stærsti hesteigandi á Íslandi (ÍSTEKA)nýtir hrossin á þennan hátt, þá getur raunin orðin þessi:

Förum í smá hugmyndaflug. Segjum að BBC gerir þátt um Íslenska hestinn.

Staðreyndirnar sem verður að fara með er að Íslenski hesturinn sé aðallega notaður í að framleiða frjósemishormon fyrir svín í einhverju öðru landi. Jú, hann er einnig notaður til reiðar en í minni mæli en hitt. Þetta gæti orðið raunin. Hvert erum við þá komin?

Í landinu sem er á toppnum í að nota lítið af lyfjum við kjötframleiðslu, þar sem eru fáir smitsjúkdómar og þar með hestar ekki bólusettir og lítið sem ekkert eiturotað í landbúnaði. Þar er samt framleitt lyf til að auka frjósemi svína á risabúum þar sem gylturnar eignast fleiri afkvæmi en eðlilegt er og vegna þess smágrísadauðinn mikill.

Afsetning hrossa

Verð að viðurkenna að fyrst var smá sjokk fyrir mig að Íslendingar borðuðu hrossakjöt. En með auknum þroska var samt auðvelt að sjá að ef maður á að borða kjöt á annað borð er folaldakjöt eitt af því sem maður getur borðað með frekar góðri samvisku. Folöldin fæðast undir berum himni, þau eru ósnert af manningum og alast upp í mikilli viðáttu eitt sumar og haust. Án nokkurra afskipta, sprautum eða öðru fara þau í slátrun. Ég held að ekkert annað húsdýr lifi jafn góðu, eðlilegu og afskiptalausum lífi. Nú er raunin önnur. Folöldin úr blóðmerarhaldi samrýmast alls ekki þessari mynd og get ég ekki lengur mælt með að borða folaldakjöt. Sagan segir líka að vegna offramboðs á folaldakjöti geti blóðhryssubændur ekki alltaf komið folöldum að og eru þau stundum urðuð, þ.e. skotin og sett í gröf. Og þá fer nú þessi hringrás með framleiðslu frjósemishormona til að framleiða svínakjöt að líta verulega illa út. Þ.e. til að framleiða svínakjöt er folaldakjöti hent.

Íslensk hrossarækt

Annað vandamál er að þegar folaldakjötsmarkaðurinn er mettaður freistast blóðmerabændur til að selja folöldin á lífhrossamarkaði. Til að skilja hversvegna það er slæmt verður að útskýra að blóðmerarnar eru í flestum tilfellum gallagripir. Annaðhvort bara léleg hross eða með gallað geðslag. Það gefur auga leið að undan gölluðum hryssum koma líka gölluð afkvæmi og streyma þessir gallagripir inn á markaðinn. Það gerir að almennt verð lækkar, af því þau eru vitaskuld ódýrari en önnur hross. Orðspor íslenska hestsins versnar vegna framboðs af lélegum hestum, og allur árangurinn sem við höfum náð í hrossarækt versnar líka.

Ímynd Íslands

Í flestra huga er Ísland land hinnar ósnortnu náttúru, þar sem fólkið býr í sameiningu við náttúruöflin. Þar ganga skepnur á stórum svæðum og lifa eins náttúrulega og hægt er, þó með umsjón manna sem fóðra og hugsa um skepnurnar þegar náttúruöflin eru of sterk. Íslendingar eru skepnumenn. Látum það halda áfram að vera þannig og bönnum blóðtöku úr hryssum til framleiðslu frjósemislyfja.

Virðingafyllst

Gísli Gíslason og Mette Moe Mannseth, hestamenn á Þúfum í skagafirði